

## 2. fundur Umhverfisnefndar Skútustaðahrepps

Haldinn á skrifstofu Skútustaðahrepps 26. janúar 2015 kl 9:00.

Mættir: Arnheiður Almarsdóttir, Bergþóra Kristjánsdóttir, Aðalsteinn Dagsson, Margrét Hólm Valsdóttir og Böðvar Pétursson sem ritaði fundargerð. Þar að auki sat Davíð Örvar Hansson fulltrúi Umhverfisstofnunar í Mývatnssveit fundinn undir lið 3.

1. Arnheiður formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Farið yfir erindisbréf nefndarinnar frá 13. október 2014.
3. Davíð kynnti starfsemi Ust í sveitarfélaginu. Benti á að eins og staðan er í dag þá væri gert ráð fyrir 30 % niðurskurði í fjölda landvarðavika frá síðasta ári. Þetta væri erfitt í ljósi þess að á síðasta ári hefði landvarslan verið á sársaukamörkum. Einnig fór Davíð yfir hlutverk og skyldur náttúruverndarnefnda.  
Nefndin beinir þeirri spurningu til sveitarstjórnar hvort hlutverk Umhverfisnefndar sé að einnig að vera náttúruverndarnefnd fyrir sveitarfélagið. Ef svo er þá þarf að breyta erindisbréfi nefndarinnar til samræmis við það.  
Umhverfisnefnd lýsir furðu sinni á fyrirhuguðum niðurskurði á landvörslu í Skútustaðahreppi. Á meðan ferðamönnum fjölgar í þessari miklu náttúruverlu er hvorki rökrétt né ásættanlegt að fjármagn til landvörslu sé skorið niður. Nefndin beinir því til sveitarstjórnar að þrýsta á Umhverfisstofnun um að hætta við fyrirhugaðan niðurskurð á landvörslu.
4. Skýrsla Umhverfisnefndar: Samkvæmt tilmælum Umhverfisstofnunar ber umhverfisnefnd að skila umhverfisskýrslu til Ust. Arnheiður skilaði skýrslunni inn fyrir árið 2014 og kynnti hún hana.
5. Endurvinnslukort: Komið hefur beiðni frá Náttúran.is um þátttöku Skútustaðahrepps í Endurvinnslukortinu. Verkefnið er að mörgu leiti mjög áhugavert.  
Nefndin telur ekki forsendur til að vera þátttakendur í verkefninu að svo komnu máli, þar sem ekki er alveg ljóst í dag hvernig flokkun á sorpi í Skútustaðahreppi verður háttað.
6. Önnur mál:  
Sorpmaal: Jón Óskar sveitarstjóri kom inn á fundinn og kynnti stöðu mála. Sagði að niðurstaðan hefði orðið sú að gera áframhaldandi samstarfssamning við Gámaþjónustu Norðurlands um þróunarsamning sem gildi út árið 2015, með framlengingarmöguleika til 1 árs.

Fleira ekki bókað. Fundi slitið 10:20

Arnheiður Almarsdóttir  
Bergþóra Kristjánsdóttir  
Aðalsteinn Dagsson  
Margrét Hólm Valsdóttir  
Böðvar P.